

Fyrirspurn

til forseta Alþingis um skýrslu um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

Hvenær mun rannsóknarnefnd sem var falið að semja skýrslu um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna skila forseta skýrslunni?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Hinn 10. júní 2011 samþykkti Alþingi þingsályktun um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna, nr. 42/139. Samkvæmt g-lið ályktunarinnar skyldi rannsóknarnefnd skila forseta Alþingis skýrslu um rannsóknina ekki síðar en 1. júní 2012. Rannsóknarnefndin hefur ítrekað fengið frest til að skila og fengið stóruknar fjárheimildir. Í svari forseta 24. febrúar sl. við fyrirspurn (339. mál) var gert ráð fyrir að nefndin skilaði Alþingi skýrslunni eigi síðar en innan mánaðar, þ.e. fyrir 24. mars sl.

